



Efni: Úrskurðarvald Alþingis um gildi kosninga og störf kjörbréfanefndar þar sem byggt er á vinnu undirbúningsnefndar, sbr. 3. mgr. 1. gr. þingskapa.

Samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar sker Alþingi sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Úrskurðar Alþingi um kjörgengi nýkjörinna þingmanna og hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega boðnir fram og rétt kjörnir. Öll atriði er kosninguna varða svo og lögmæti framboðs, undirbúningur kosninga, atferli kjörstjórna, kosningarathöfn, ágreiningsseðlar o.s.frv. eru tekin til athugunar.¹ Um málsmeðferðina eru ákvæði í þingsköpum Alþingis og lögum nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis (kosningalög).

Undirbúningskjörbréfanefnd, sbr. 1. gr. laga nr. 80/2021, er breytti 1. gr. þingskapa, hefur það hlutverk að undirbúa rannsókn kjörbréfa þingmanna og varaþingmanna sem fram fer á þingsetningarfundum. Nefndin tekur við framkomnum kærum um framkvæmd og úrslit kosninganna frá dómsmálaráðuneytinu. Við yfirferð yfir kærur, þ.m.t. ágreiningsseðla, og undirbúning tillagna um meðferð þeirra hefur nefndin notið aðstoðar skrifstofu þingsins og landskjörstjórnar.

Atriðum sem koma til skoðunar í kjörbréfanefnd má skipta í fimm flokka:

1. Úrskurður kjörbréfa:

Ekki er leitað upplýsinga um kjörgengi, t.d. með því að afla sakavottorðs eða refsidóma, nema sérstakt tilefni sé til þess.
2. Úrskurður um ágreiningsatkvæði:

Kjörbréfanefnd tekur sjálfstæða afstöðu til gildis seðlanna og leggur hana til grundvallar tillögu sinni til Alþingis.
3. Kosningakærur — málsmeðferð:
 - a. Ekki er hægt að segja að fastar venjur hafi myndast um meðferð á slíkum kærum. Málsmeðferð hefur byggst á skriflegum fyrirliggjandi gögnum.
 - b. Rannsóknarskylda skv. 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. þingskapa. Hvernig verður henni best framfylgt, mögulegar leiðir?
 - c. Aðrar málsmeðferðarreglur svo sem andmælaréttur, aðrar óskráðar reglur.
 - d. Ath. dóm MDE í máli *Mugemangango gegn Belgíu*.
 - e. Ath. til hliðsjónar má benda á að skv. 2. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn skal haga meðferð mála um meint brot alþingismanna á

¹ Björg Thorarensen: Stjórnskipunarréttur, bls. 272.

siðareglum „... í samræmi við meginreglur um óhlutdrægni og vandaða og réttláta málsmeðferð“.

f. Pagnarskylda hvílir á þingmönnum, sbr. 52. gr. þingskapa.

4. Athuganir í tilefni af bókunum framboðslista:

Sbr. 2. mgr. 94. gr. kosningalaga. Í framkvæmd hefur það ekki verið athugað.

5. Athugasemdir í tilefni af bókunum umboðsmanna stjórnmalasamtaka:

Sbr. 112. gr. kosningalaga. Lítið um slíkar bókanir og í framkvæmd hefur slíkt ekki verið athugað. Bókanir voru gerðar á fundi landskjörstjórnar með umboðsmönnum 1. október.

Að lokinni athugun kjörbréfanefndar á útgefnum kjörbréfum, ágreiningsseðlum og eftir atvikum kærur eða öðrum ábendingum um annmarka á kosningum gerir nefndin tillögu til Alþingis um hvort kjörbréf aðalmanna og varamanna skuli samþykkt. Skriflegt álit er samið þar sem vikið er að ágreiningsseðlum og kærur. Kjörbréfanefnd getur gert tillögu um:

1. að kosning allra þingmanna sé gild,
2. að fresta að taka kosningu gilda til þess að fá skýrslur, sbr. 1. mgr. 5. gr. þingskapa,
3. að kosning tiltekins þingmanns sé ógild, þar sem hann er ekki kjörgengur eða verið í framboði á tveimur listum, sbr. 2. og 4. mgr. 120. gr. kosningalaga,
4. að ógilda kosningu þingmanns/þingmanna ef verulegir gallar eru á framboði eða kosningu hans/þeirra, sbr. 3. mgr. 120. gr. kosningalaga.

Tillögur kjörbréfanefndar eru svo teknar fyrir á þingfundi. Ef kosning heils lista í kjördæmi er úrskurðuð ógild skal fara fram kosning að nýju í kjördæminu, uppkosning, sbr. 121. gr. kosningalaga.

Framkomin gögn, sbr. 104. gr. kosningalaga, til Alþingis:

Bréf dómsmálaráðuneytis, dags. 1. október 2021.

- a. Eftirrit úr gerðabókum yfirkjörstjórna, ásamt ágreiningsseðlum í Norðausturkjördæmi, Reykjavíkurrkjördæmum og Suðvesturkjördæmi. Ekki eru ágreiningsseðlar í Suðurkjördæmi og Norðvesturkjördæmi.
- b. Fundargerð landskjörstjórnar frá fundi með umboðsmönnum stjórnmalasamtaka 1. október 2021.
- c. Kæra Magnúsar Davíðs Norðdahl, dags. 1. október 2021.
- d. Kæra Ólafs Jónssonar, dags. 30. september 2021. Meðferð innsigla og misvægi atkvæða milli stjórnmalaflokka.